

93.fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis.

Haldinn í Glerárskóla 3.maí 2016 kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Sigrún Briem, Helgi Stefánsson, Eiríkur K.Aðalsteinsson og Páll Árdal.

1. Nefndin fyrir komandi ár.

Nýr nefndarmaður Eiríkur boðinn velkominn en Einar Gauti Helgason gat því miður ekki verið á þessum fundi. Yfirfarið hvernig nefndin virkar og hvaða dag við eigum að hittast. Fyrsti þriðjudagur í mánuði var ákveðinn kl. 18.00. Fundarstaður er óákveðinn því Sigrún Briem, starfsmaður í Glerárskóla, hefur opnað fyrir okkur Glerárskóla sl.ár með leyfi skólastjórnenda en hún er nú hætt í nefndinni.

Berglind verður áframhaldandi formaður og ritari.

2. Aðalfundurinn 13.apríl sl.

Alltof fáir hverfisbúar komu á aðalfund hverfisnefndar og mátti þar telja 14 manns utan stjórnar. Ekki mjög upplífandi fyrir nefndina. Mörg atriði um það sem laga þarf í hverfinu, komu fram á fundinum.

1. Vantar skilti hjá Glerárskóla sem segir „ Drepa á bílnum“
2. Vantar skilti vil Skarðshlíðarhringinn sem segir „börn að leik“
3. Setja skilti við Skarðshlíð / Undirhlíð sem sýnir að framundan sé botngata því vegfarendur sem koma frá t.d. Hamri aka niður Skarðshlíð og taka ekki vinstri beygju hjá leikskólanum Hlíðarbóli heldur halda áfram akstri niður skarðshlíðina og enda í botngötu við hús nr.1. Þetta er mjög bagalegt fyrir ferðafólk með vagna í eftirdragi.
4. Mála gangbraut í Skarðshlíð frá strætóstöð við Sunnuhlíð verslunarmiðstöð á móts við Steinahlíð 7. Er engin.
5. Vantar körfuboltaspjald við Glerárskóla.
6. Athuga hvort ekki séu gulir steinar við göngustíginn meðfram ánni sem liggur með Lyngholtinu. Enn keyra ökumenn þarna.
7. Snjómokstur við Miðholt/Langholt hefur valdið hættuástandi þegar keyrt er út úr Miðholti þar sem snjórinn er settur á horn lóðar við Langholt / Miðholt.
8. Innkeyrslan að Glerárskóla er að verða holu-veisla. Vinsamlegast lagið í sumar ef hægt er.

9. Uppsögn bæjarins á húsnæði leikskólans Hlíðarbóls hefur vakið ugg hjá nefndarmönnum sem og aðalfundargestum og menn spyrja sig. Á virkilega ekki að vera neinn leikskóli í hverfinu? Málefni sem er rétt að byrja. Nefndin óskar eftir fundi með þeim aðila sem hefur umsjón með þessu verki. Spurningin er : Lokun Hlíðarbóls, hvað svo?

3. Bekkir út um allt hverfi

Hverfisnefnd óskar eftir að bekkirnir sem hverfisnefndin hefur keypt á sl. 2 árum verði settir um allt hverfi, eins og best verður á kosið, eins fljótt og unnt er. Nefndin treystir Jóni Birgi Gunnlaugssyni, verkefnastjóra umhverfismála eða bæjarstarfsmönnum til að setja þessa bekki á góða staði þar sem þeim verða vonandi vel nýttir.

4. Grillið góða

Nú er grillið sem hverfisnefndin lét gera fyrir Seljahlíðarvöllinn tilbúið hjá verktaka og einungis eftir að festa það niður. Óskað er eftir að framkvæmdarnefnd setji það verk framanlega á verklista sinn.

5. Holtakot

Leikskólinn Holtakot fékk umhverfisstyrk frá hverfisnefndinni 2015 og pantaði sér hjólagrindur og bekk og borð. Óskað er eftir að þessu verði fylgt eftir þ.e. að leikskólinn fái bekkinn og borðið. Þau þurfa sjálf að sjá um að koma hjólagrindinni til sín.

6. Umhverfisfé

Þann 3.mars fékk hverfisnefndin tilkynningu um að 1,5 milljón króna yrði framlag bæjarins í ár í verkefni þeirra Umhverfisátak – 150 ára afmælisgjöf. Einnig óskaði Jón Birgir eftir tillögum að verkefnaáætlun ársins 2016. Hverfið okkar er mjög svo vel í stakk búið og er svo komið að við þurfum einungis að láta setja grillið niður í Seljagarðinn og breyta frisbee velli við Glerárskóla örlítið. Hefur Jón Birgir fengið tilkynningu frá hverfisnefnd um það. Ætlar nefndin að skoða nánar hvar þetta fjármagn nýtur sín best.

Margt fleira rætt en ekki fært til bókunar.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir

Næsti fundur óákveðinn en verður boðaður af formanni.